

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 18. október 2022 í máli nr. 44/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 17. maí 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér alls 54.245 krónur í kjölfar afbókunar á fyrirhugaðri leigu á bifreið í eigu varnaraðila.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með tölvubréfi, dags. 20. júní 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 12. september 2022, sem móttekið var f.h. varnaraðila þann 13. september 2022. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, afrit af bókunarstaðfestingu og greiðslu vegna leigu á bifreiðinni og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 4. október 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 9. janúar 2020 um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 15. júní 2020 til 20. júní 2020. Sóknaraðili greiddi leigugjald að fullu við bókunina, alls 54.245 krónur. Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila þann 18. mars 2020 að sóknaraðili gæti ekki nýtt sér umsamda þjónustu þar sem flug sóknaraðila til Íslands hafði verið fellt niður. krafðist sóknaraðili endurgreiðslu leigugjaldsins í samræmi við skilmála varnaraðila. Varnaraðili staðfesti móttöku afbókunar sóknaraðila sama dag og bauð henni inneign til notkunar síðar hjá varnaraðila á næstu 12 mánuðum á sama verði og samkvæmt leigusamningi aðila. Sóknaraðili ítrekaði beiðni sína um endurgreiðslu leigugjalds með tölvupóstum þann 19. mars 2020 og 9. apríl 2020. Svar barst frá varnaraðila 9. apríl 2020 um að bókunin hefði verið afpöntuð, en sökum mikils álags vegna fjölda krafna um endurgreiðslur væri biðtími eftir endurgreiðslu lengri en vanalega. Sóknaraðili hefur ítrekað kröfu sína við varnaraðila margsinnis en endurgreiðsla hefur enn ekki borist.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér leigugjaldið að fullu í samræmi við skilmála varnaraðila og leigusamning málsaðila.

#### IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila þann 9. janúar árið 2020. Greiddi sóknaraðili leigugjaldið að fullu, alls 54.250 krónur, þann dag. Fyrirhuguð leiga átti að vera frá 15. til 20. júní árið 2020. Sóknaraðili afpantaði leiguna með tölvupósti þann 18. mars árið 2020. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu leigugjaldsins að fullu í samræmi við skilmála varnaraðila og leigusamning málsaðila.

Í skilmálum varnaraðila, sem fram koma í bókunarstaðfestingu vegna leigunnar, er að finna ákvæði um endurgreiðslu leigugjaldsins vegna afbókunar. Þar segir:

*„If lessee cancels up to 2 days (48 hours) prior to pick up = full refund (100% refund).*

*If lessee cancels less than 48 hours before pick up = no refund (0% refund).*

*No shows are not refunded (0% refund).“*

Við bókun bifreiðarinnar voru sóknaraðila samkvæmt framangreindu veittar þær upplýsingar af hálfu varnaraðila að leigugjaldið yrði að fullu endurgreitt ef hætt yrði við leiguna þegar meira en 48 klukkustundir væru þar til leigutíminn átti að hefjast.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Framangreint ákvæði í skilmálum varnaraðila er skýrt og er sett fram án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrðið um tímamörk afbókunar eru uppfyllt. Sóknaraðili afpantaði leiguna þegar tæplega þrjú mánuðir voru þar til leigutíminn átti að hefjast og voru skilyrði til endurgreiðslu uppfyllt. Er því fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu í samræmi við skilmála varnaraðila. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila alls 54.250 krónur.

#### V Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 54.250 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson